

20. MAÍ 2021

Málalykill: 19.2

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

18. maí 2021

Efni: Beiðni um breytingu á aðalskipulagi


Undirritaður keypti nýverið Miðdalsland 1c, fastanúmer 225237. Seljandi heitir Margrét Tryggvadóttir.

Þess er vinsamlegast óskað að aðalskipulagi verði breytt á þann veg að veitt verði heimild til frístundarbyggðar á svæðinu og svæðið skipulagt í samræmi við það.

Landið er um 6,4 hektarar að stærð og er þess beiðst að veitt verði heimild til að skipta landinu í 5000 fermetra lóðir, hvar heimilt verður að byggja allt að 130 fermetra heildar byggingarmagn á hverri lóð að tveimur lóðum undanskildum sem yrðu hvor um sig 6500 fermetrar að stærð, hvar heimilt yrði að byggja 160 fermetra heildarbyggingarmagn á hvorri lóð.

Það athugast að undirritaður lýsir sig fúsan til þess að vinna skipulag þetta í góðri sátt við bæjaryfirvöld og sér því ekkert til fyrirstöðu að umsókn þessi breytist undir meðferð málsins m.a. með tilliti til stærðar lóðar og mannvirkja, ekki síst ef það getur liðkað til við að koma breyttu skipulagi í framkvæmd við fyrsta hentugleik. Ef einhverjar upplýsingar kunna að vanta eða hætta er á töfum af einhverjum ástæðum þá er þess vinsamlegast óskað að haft verði samband við undirritaðan við fyrsta tækifæri svo mögulegt sé tryggja ~~sem~~ skjóta og hagfellda meðferð málsins.

Virðingarfyllst,



Kári Ólafsson,
kt. 150281-3509